

Tillaga að reglugerð um flúoraðar gróðurhúsalofttegundir

Lögð hefur verið fram tillaga í ESB að nýrri reglugerð um flúoraðar gróðurhúsalofttegundir. Tillagan gengur í stuttu máli út á að komið verði á kvótakerfi fyrir framleiðslu og innflutning flúoraðra gróðurhúsalofttegunda svipuðu því sem var við lýði með ósoneyðandi kælimiðlana. Jafnframt verða gerðar frekari takmarkanir á notkun kælimiðla með háan hnatthlúnunarmátt (global warming potential, GWP). Ætlunin er að reglurnar taki gildi árið 2015.

Tillagan er lögð fram að undangengnum greiningum á þeim valkostum sem koma til greina við að draga frekar úr losun gróðurhúsalofttegunda. Talið er að losun flúoraðra gróðurhúsalofttegunda sé 2% af allri losun gróðurhúsalofttegunda í ESB ríkjum reiknað sem CO₂ ígildi. Talið er að með tillögnum nú megi draga úr meira en 2/3 af þeirri losun til 2030. Annars er talið er að losunin muni standa í stað. Efni með lægra eða ekkert GWP hafa að nokkru leyti komið í stað hinna sem þó eru enn notuð í miklum mæli. Stefnan í ESB er að dregið verði almennt úr losun gróðurhúsalofttegunda um 80-95% til ársins 2050 miðað við losun á árinu 1990 en það er í takt við ráðleggingar vísindamanna um aðgerðir iðnríkja. Stefna íslenskra stjórnvalda frá 2007 er að draga úr losun um 50-75% á sama tíma. Aðgerðir á borð við þessar eru liður í því að koma í veg fyrir, með eins hagkvæmum aðferðum og kostur er, að hlýnun lofthjúps jarðar verði meiri en 2°C miðað við hitastig við upphaf iðnbyltingar.

Með tillögunni verður sú breyting að miðað verður við magn kælimiðla í CO₂ jafngildum í stað magns kælimiðla óháð hnatthlúnunarmætti eins og þegar kemur að kröfu um lekaleit og skrá yfir viðhald búnaðar.

Gera má ráð fyrir að kvótakerfið hér á landi verði hliðstætt því sem verður í ESB. Það á eingöngu við um vetnisflúorkolefni (HFC). Úthlutun kvóta muni þá byggja á markaðshlutdeild innflytjenda á nokkurra ára tímabili. Úthlutun verður fyrir allt að 100% árið 2015 en minnkar í áföngum niður í 21% árið 2030.

Óheimilt verður að fylla á kælikerfi með kælimiðli með GWP > 2500 eftir 2020 nema ef hleðslan er innan við 5 CO₂ jafngildistonn (sem er u.þ.b. 1,2 kg af R-404A).

Í tillögunni felst jafnframt að kæli- og frystiskápa í verslunum og á veitingastöðum megi ekki markaðssetja eftir 1.1.2017 hafi kælimiðillinn GWP >2500 og >150 eftir 1.1.2020. Kæli- og frystiskápar fyrir heimili með kælimiðli með GWP >150 verða bannaðir frá og með 1. janúar 2015. Þá verður óheimilt að flytja inn búnað sem inniheldur kælimiðla nema ef um er að ræða loftþéttan búnað. Þetta ákvæði á að taka gildi þremur árum eftir gildistöku reglugerðar.

Í tillögunni er tekið tillit til aðgerða til að ná fram orkusparnaði. Þannig verður búnaður með HFC undanþeginn banni ef hann hefur hlotið vottun um að standast vistfræðileg viðmið og að notkun hans losi minna af gróðurhúsalofttegundum en búnaður án kælimiðla sem valda gróðurhúsaáhrifum.

Ekki er ljóst hvenær tillagan verður afgreidd af Evrópuþinginu og ráðherraráðinu en það verður varla fyrr en í haust. Nánari upplýsingar má nálgast hjá Umhverfisstofnun.

Tillagan: http://ec.europa.eu/clima/policies/f-gas/legislation/docs/com_2012_643_en.pdf.

Nánari upplýsingar og ítarefni um tillöguna: http://ec.europa.eu/clima/policies/f-gas/legislation/documentation_en.htm.